

48
8da
desbr.

- b) gjald eptir andvirði (undir peningabréf): 8 aurar fyrir hverjar 200 krónur eðr minni upphæð, eptir því sem á sendingunni er til tekið.
2. Undir böggla:
- a) gjald eptir vikt: aðalburðargjald 12 aurar og viðbót 4 aurar fyrir hvert pund eðr part af pundi.
- b) gjald eptir andvirði, hið sama og undir peningabréf.¹

49
10da
desbr.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

Í bréfi frá 10. f. m. hefir hreppstjóri Magnús Árnason kvartað yfir því, að þær herra amtmaðr með úrskurði 12. oktbr. þ. á., hafið neitað að breyta úrskurði sýslumannsins í Rangárvallasýslu frá 17. ágúst þ. á., en með honum er hreppstjóranum neitað um lausn² frá að vera hreppsnefndarmaðr í hreppi sínum. Eptir að eg nú með þóknanlegu bréfi frá 7. þ. m. hefi meðtekið bæði ummæli herra amtmannsins um þessa umkvörtun og hin eldri skjöl viðvikjandi málinu, skal með þessu bréfi þjónustusamlega tjáð yðr til þókn-anlegrar leiðbeiningar og til birtingar fyrir hlutadeigöndum það, er nú segir:

Það sést af bréfi kærands frá 26. ágúst þ. á. til amtmannsins, að hann hafi, eptir að vera kosinn á hreppaskilapönginu á síðastliðnu vori í hreppsnefndina í Fljótshlíðar-hrepp, orðið síðar samkvæmt 10. grein tilskipunar 4. maí 1872 fyrir oddvitakosningu, og það virðist að leiða af þessu, að hann hafi ekki samkvæmt 8. grein tilskipunarinnar, þá er hann var kosinn hreppsnefndarmaðr, skorast undan því að taka við kosningu og borið afsakanir sínar undir kjörstjórnina; þar í mót er ástæða til að halda, að hann hafi sem hreppsnefndarmaðr tekið þátt í oddvitakosningunni.

Það verður því að ætla, að ekki hafi verið heimild til að leita úrskurðar sýslumannsins um afsakanir kærands frá að taka við kosningunni til að vera hreppsnefndarmaðr, því sýslumanni ber einungis að dæma um þessar afsakanir, ef kjörstjórnin neitar að taka þær til greina, og er það í stað sýslunefndarinnar, að sýslumaðrinn hefir fengið þenna mynd-ugleika með tilliti til kosninga þeirra, sem hafa farið fram í ár.

Af þessum ástæðum verður umkvörtun Magnúsar Árnasonar ekki tekin til greina, og verður hann, ef hann þykist hafa tilefni til að beiðast lausnar úr hreppsnefndinni, áðr en sá tími, er hann var kosinn fyrir, er liðinn, að bera þetta upp samkvæmt 9. grein tilskip-unarinnar fyrir hreppsnefndinni, eðr, ef hún ekki fellst á afsakanir hans fyrir sýslu-nefndinni, er leggur fullnaðarúrskurð á málið.

1) Auk þessa gjalds á að borga undir slíkar sendingar venjulegt burðargjald milli Íslands og Danmerkr samkvæmt anglýsingu 26. sept. 1872, 6. 9 og 10. grein:

1. undir peningabréf.

- a, gjald eptir vikt: fyrir alt að 3 kvint 16 aurar; alt að 25 kv. 33 aurar; alt að 80 kv. 50 aurar.
- b, — eptir andvirði: 25 aurar fyrir hverjar 200 krónur eðr minni upphæð.

2. undir böggla.

- a, gjald eptir vikt: 25 aura aðalburðargjald og 8 aura viðbót fyrir hvert pund.
- b, — eptir andvirði, hið sama og undir peningabréf.

2) Aðalástæða hreppstjórans til að skorast undan hreppsnefndarkosningu var sú, að hann hefði gegnt hreppstjórn 6 hin síðustu ár, og áleit hann, að hreppstjóri hefði hinn sama rétt til að skorast undan kos-ningu sem hreppsnefndarmaðr, en hann ávinnur sér slíkan rétt með því að vera í nefndinni 3 ár eðr lengr (5. gr. tilsk 4. maí 1872). Sýslumaðrinn félt ekki á þetta, og sagði meðal annars í úrskurði sínum: „Sveitar-stjórnartilskipunin gefr enga átyllu til að álita, að undangengin hreppstjórn, þó löng og góð hafi verið, leysi menn undan nefndarkosningum, enda hefði sú ákvörðun ein getað gert hina nýu sveitastjórnartilhögun ónýta, því jafnunfangsmikil breyting og þessi getr því að eins farið í lagi, að þeir, sem hafa þekkingu og æfingu við fyrra fyrirkomulagið, vinnu að því að koma breytingunni á“.